

Reglur um þátttöku Skagafjarðar í farsímakostnaði starfsfólks

1. gr. Almenn

Skagafjörður býður öllu starfsfólki sveitarfélagsins sem uppfylla skilyrði að fá farsímaáskrift niðurgreidda hjá Sýn hf. Skagafjörður er með samning við Sýn hf. um betri kjör farsímaáskrifta og er niðurgreiðsla farsímaáskriftar því bundin við farsímafyrirtækið Sýn.

Upplýsingar um hvað er innifalið í áskrift sem Skagafjörður niðurgreiðir fyrir starfsfólk má finna á innri vef sveitarfélagsins. Þar má jafnframt finna upplýsingar um önnur sérkjör sem starfsfólki sveitarfélagsins stendur til boða hjá Sýn.

Önnur þjónusta sem og gjöld sem gjaldfærð eru á farsímareikning greiðir viðkomandi starfsmaður sjálfur.

2. gr. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu farsímaáskriftar

Starfsfólk sem starfað hefur í 6 mánuði hjá sveitarfélaginu í 20% starfshlutfalli eða hærra, getur sótt um að sveitarfélagið greiði farsímaáskrift viðkomandi hjá Sýn. Starfsmaður sækir um niðurgreiðslu á innra svæði sveitarfélagsins. Ef starfsmaður er hjá öðru farsímafyrirtæki getur starfsmaður óskað eftir að færa númerið til Sýnar.

3. gr. Leyfi og niðurgreiðsla farsímaáskriftar

Starfsfólk í launuðu leyfi (t.d. sumarorlofi, veikindaleyfi, námsleyfi) sem og starfsfólk í fæðingarorlofi fær niðurgreidda farsímaáskrift á meðan leyfi stendur.

4. gr. Niðurgreiðsla farsímaáskriftar fellur niður

Niðurgreiðsla farsímaáskriftar fellur sjálfkrafa niður við starfslok en jafnframt fellur hún niður í lengri launalausum leyfum (4 vikur eða lengri).

5. gr. Þörf fyrir símtæki

Skagafjörður úthlutar því starfsfólki farsíma eða styrkir þá til farsímakaupa, sem vinnu sinnar vegna, þurfa nauðsynlega á slíkum síma að halda að mati yfirmanns, m.a. vegna:

- öryggisvörslu,
- öryggissjónarmiða,
- eðli starfs,
- starfsfólks sem vinna mikið utan eigin starfsstöðvar,
- starfsfólks sem auðvelt þarf að vera að ná í, t.d. stjórnendur.

6. gr. Símtæki í eigu Skagafjarðar

Starfsmaður fær afhentan farsíma í eigu Skagafjarðar. Yfirmaður skal leita samráðs við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs um kaup á símtækjum sem eru í eigu Skagafjarðar og skal hámark verðmætis slíks tækis vera allt að kr. 100.000. Skilmálar trygginga sveitarfélagsins gilda um tækið ef tjón verður.

7. gr. Símtæki í eigu starfsmanns

Velji starfsmaður að nota eigin síma og með samþykki yfirmanns, getur hann fengið allt að kr. 100.000 í framlag frá sveitarfélaginu til kaupa á símtæki. Starfsmaður greiðir sjálfur umframkostnað. Framlagið afskrifast á þremur árum, þ.e. kr. 33.333 á ári. Láti starfsmaður af störfum innan þessara þriggja ára skal hann endurgreiða framlagið í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af afskriftartímanum. Ef starfsmaður velur að nota eigin síma þá heyrir tækið undir persónulegar tryggingar starfskrafts ef tjón verður.

8. gr. Ábyrgð yfirmanns

Það er á ábyrgð yfirmanna, í samráði við sviðsstjóra, að ákveða hverjir fá farsíma frá Skagafirði og að gæta þess að greiðslur til starfsfólks séu innan fjárheimildar deildar eða stofnunar. Það er jafnframt á ábyrgð yfirmanns að fylgjast með því að niðurgreiðsla farsímaáskrifta falli niður þegar á við, skv. 4. gr.

9. gr. Samningur

Yfirmaður ber ábyrgð á að útbúa skriflegan samning við hvern starfsmann sem fær símtæki frá sveitarfélaginu eða framlag frá sveitarfélaginu til kaupa á farsíma. Afrit af samningi skal varðveitt hjá launadeild.

10. gr. Uppsögn

Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi þegar starfsmaður lætur af störfum. Yfirmaður getur sagt upp samningi með eins mánaðar uppsagnarfresti ef hann telur starfsmann ekki lengur hafa þörf fyrir farsíma vegna vinnu sinnar.

11. gr. Gildistími

Reglur þessar skulu taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skulu vera endurskoðaðar þegar þurfa þykir.

Eyðublaðið „*Samningur um símastyrk og farsíma*“ má nálgast í H3.

Samþykkt af sveitarstjórn 10.12.2025